



**Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2024****IÐTE1VB04(AV)**

|                                      |  |   |
|--------------------------------------|--|---|
| <b>Kennari</b>                       | Sólveig Sveinbjörnsdóttir <a href="mailto:solveig.sveinbjornsdottir@fss.is">solveig.sveinbjornsdottir@fss.is</a>   |  |
| <b>Viðtalstími</b>                   | Föstudagar 09:20-10:00 í vinnurými kennara.  |   |
| <b>Námsefni</b>                      | <b>Grunnteikning fyrir málm- og véltæknigreinar. Iðnú og Eymundsson</b>  |   |
| <b>Áfangalýsing</b>                  | <p>Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í þrjá megin efnisþætti. Í fyrri efnisþætti er fjallað um fallmyndun, næst verður farið í fríhendingsteikningu og loks flatarteikningu og yfirborðsútflatninga. Gert er ráð fyrir að nemendur öðlist færni í lestri og gerð vinnuteikninga, gerð flatarmynda og útflatninga og rissun fríhendingsteikninga. Nemendur skulu öðlast færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestri teikninga og fá grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og útflatninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir fagbundið nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.</p> |   |
| <b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b> | <p>Áfanginn er símatsáfangi sem byggist á verkefnavinnu/vinumöppu (virkni, vinnubrögðum og frágangi) sem gildir 70% og könnunum sem gildir 30%.</p> <p>Til að standast áfangann þarf nemandinn að skila öllum tímaverkefnum og ná að lágmarki 5,0 úr könnunum. Skila á tímaverkefnum til kennara í lok hverrar viku, árituðum (með penna) þar sem fram kemur nafn viðkomandi og dagsetning þess dags sem skilað er. Nemandi ber að skila öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun og fá þau samþykkt af kennara.</p>  |   |
|                                      | <b>Símatsáfangi</b> <input checked="" type="checkbox"/>  | <b>Lokapróf</b> <input type="checkbox"/>  |
|                                      | <b>Heiti</b>   | <b>Vægi</b>   |
|                                      | Vinumappa  | 70%   |
|                                      | Kaflapróf og kannanir  | 20%   |
|                                      | Ýmis verkefni  | 10%   |
| <b>Reglur áfanga</b>                 | <p>Mikilvægt að nemandi sé með öll teikniáhöldin með í tíma. Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Kennari áskilur sér rétt til þess að vísa nemanda úr kennslustund komi hann án námsgagna í tíma. Ef nemandi sinnir ekki þeirri vinnu sem hann á að vinna í tíma og hefur truflandi áhrif á samnemendur sína má hann eiga það á hættu að vera vikið úr tíma. Nemandi hefur fjóra daga til þess að gera athugasemdir við viðveru (fjarvistir sínar)!</p>  |   |

|                      |  |
|----------------------|--|
| <b>Áhöld og efni</b> | T-stika ca. 45 sm. löng, eða (teiknibretti fyrir A3 blöð)<br>Teiknihorn: 45°/45°/90°, og 30°/60°/90° (meðalstór ca. 25 - 30 sm.)<br>(Reglustika ca. 25 - 30 sm.) Tveir blýantar H og HB -0,5 – 0,7<br>Yddari Strokleður (Línuveiðari) Límband (málarateip) ef nemandi er ekki með teiknibretti Góður hringfari (sirkill) |
|----------------------|--|

| Þekking  | Leikni   |
|--|--|
| <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum</li> </ul>   | <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lestri einfaldra tæknilegra vinnuteikninga og gerð einfaldra þrívíðra teikninga og fríhendisteikninga.</li> <li>• nákvæmum vinnubrögðum og notkun á teikniáhöldum.</li> </ul> |
|   |  |
| Hæfni  |  |
| <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• vera undirbúinn undir frekara nám í teiknifræðum.</li> <li>• hafa þekkingu og færni til að skipuleggja, árita og ganga frá einföldum tæknilegum teikningum og miðla upplýsingum á skilvirkan hátt.</li> </ul> |  |

| <b>Vinnuáætlun</b>           |                   |                           |
|------------------------------|-------------------|---------------------------|
| Tímasókn                     | 16 vikur x 4 klst | 64 klst                   |
| Undirbúningur og frágangur   | 16 vikur x 2 klst | 32 klst                   |
| Undirbúningur fyrir kannanir | 3 x 2 klst        | 6 klst                    |
| <b>Alls</b>                  |                   | <b>102 klst = 4 feim*</b> |

*Virðing, samvinna og árangur*

| <b>Kennsluvikur</b>   | <b>Áætluð yfirferð námsefnis</b> | <b>Skil á verkefnum</b>               |
|---|----------------------------------|---------------------------------------|
| <b>1. vika</b><br>19. - 23. ágúst   | Fallmyndun                       | 1,2,3,4,8,10                          |
| <b>2. vika</b><br>26. - 30. ágúst   | Fallmyndun                       | 20,21,22,24,25,28,29                  |
| <b>3. vika</b><br>2. - 6. september   | Fallmyndun                       | 31, 32, 37, 38, 40, 42, 43            |
| <b>4. vika</b><br>9. - 13. september  | Fallmyndun                       | 44, 45, 46,47,48,49                   |
| <b>5. vika</b><br>16. - 20. september                                       | Fallmyndun                       | 52, 53, 54, 57, 58, 59                |
| <b>6. vika</b><br>23. - 27. september                                       | Fallmyndun                       | 60,62,63,65,66                        |
| <b>7. vika</b><br>30. september - 4. október                                | Fríhendisteikning                | 1, 2, 3, 4, 5,<br>Teikniskrift 1 og 2 |
| <b>8. vika</b><br>7. - 11. október<br><i>Námsmatsdagur</i>                  | Fríhendisteikning                | 6, 8, 9,11,13,<br>Teikniskrift 3 og 4 |
| <b>9. vika</b><br>14. - 18. október<br><i>Miðannarmat</i>                   | Fríhendisteikning                | 15,17, 18<br>Teikniskrift 5           |
| <b>10. vika</b><br>21. - 24. október<br><i>Vetrarleyfi 25. okt.</i>         | Flatarteikning                   | 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7                   |
| <b>11. vika</b><br>29. október - 1. nóvember<br><i>Vetrarleyfi 28. okt.</i> | Flatarteikning                   | 8, 9, 10, 11,12, 13, 15               |
| <b>12. vika</b><br>4. - 8. nóvember   | Flatarteikning                   | 1,2,3,4                               |
| <b>13. vika</b><br>11. - 15. nóvember                                       | Útflatningar                     | 6, 7,8,9                              |
| <b>14. vika</b><br>18. - 22. nóvember                                       | Útflatningar                     | 10, 11, 12, 13                        |
| <b>15. vika</b><br>25. - 29. nóvember                                       | Útflatningar                     | 10, 11, 12, 13                        |
| <b>16. vika</b><br>2. - 6. desember   | Útflatningar                     | 18,19, 20,24                          |

*Nánari vinnuáætlun og verkefnaskrá frá kennara*

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Sólveig Sveinbjörnsdóttir*